



## Skólaftefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fyrsti grunnur að stefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps var lagður á málþingi um skólafmál sem haldið var í Árnosi 6. mars 2008. Skólaftefnan var síðan endurmetin á málþingi um skólafmál 26. mars 2011. Þar fyrir utan hefur skólaftefnd samþykkt áherslur skólanna sem fram hafa komið í skólafnámsskrám. Nú liggur frammi opinber stefna skólaftefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem ætlað er að vera aðgengileg og einföld með þeim yfirmarkmiðum og stefnu sem nefndin vill sjá nánari útfærslu á hjá skólunum.

Það er ósk skólaftefndar að stefnan verði til þess að skólar öðlist skýrari línur um æskilegar áherslur og geti útfært þær nánar í daglegu starfi. Um leið hafa íbúar sveitarfélagsins aðgang að opinberri skólaftefnu og geta fylgst með framgangi hennar í skóla barna sinna.

Skólaftefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

### **Hlutverk**

Hlutverk skólanna er að mennta alla nemendur og efla alhliða þroska þeirra (í samræmi við lög og reglugerðir).

### **Framtíðarsýn/leiðarljós**

Skólar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þróist og taki stöðugum framförum og skapi sér sérstöðu.

Að nemendur séu öruggir og líði vel í skólunum þar sem borinn er virðing fyrir sérkennum og hæfileikum hvers og eins.

Skólar örvi og viðhaldi hvatningu nemenda til náms.

Að skólar hafi á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki.

Að auka virkni foreldra í skólafstarfi barnanna.

Að sameiginleg hugmyndafræði skólanna marki starf þeirra.



## Stefna

### Aðbúnaður og umhverfi

*Stefnt er að því:*

- að skólar verði lifandi eining sem tekur breytingum með þróun samfélagsins og hefur til grundvallar markmið aðalnámskrár, virðingu fyrir einstaklingnum og sameiginlega hugmyndafræði
- að efla samheldni innan skólasamfélagsins og við samfélag og umhverfi.
- að skólar nýti sér menningarleg einkenni samfélagsins inn í skólastarfið og þróa það inn í verkefni.
- að aukin verði skilningur á samábyrgð okkar á samskiptum mannsins við umhverfi sitt
- að sérkenni samfélagsins verði nýtt inn í skólastarfið og samkennd aukin innbyrðis milli manna og samfélaga.

### Nám og kennsla

*Stefnt er að því:*

- að kennsluaðferðir verði heildstæðar og byggi á því sem umhverfið og samfélagið hefur upp á að bjóða.
- að vera frumleg í að ná markmiðum aðalnámskrár og nýta mismunandi leiðir að sama marki.
- að unnin verði þróunarverkefni í skólunum og þannig byggð upp þekking á ákveðnum sviðum eftir verkefnum hverju sinni.
- að vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á náttúru og umgengni við landið svo það verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi þeirra.
- að skólar verði leiðandi í umhverfis-, náttúru og vistvænnar kennslu og kennsluaðferðum.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

---

- að einkenni svæðisins verði skólar á grænni grein með umhverfisfræðslu og sjálfbærni í menntun.
- að byggja meira á útikennslu og tengjast samstarfsaðilum markvisst varðandi kennsluhætti og verkefni.
- að nýta atvinnugreinar og sérstöðu í samfélaginu til náms.

### **Nemendur**

*Stefnt er að því:*

- að öryggi nemenda verði ávallt tryggt hvort heldur sem er í skóla, á skólalóð eða í skólaakstri.
- að áætlanir og framkvæmd um einstaklingsmiðað nám verði byggd á samstarfi milli skóla og samstarfi við foreldra.
- að þroska og virkja nemendur í sjálfsnámi.
- að skólar stuðli að tólmstundastarfi meðal nemenda sinna með samstarfi og aðkomu félagasamtaka á svæðinu og með því að nýta mannauð samfélagsins.
- að nám virkji skapandi og gagnrýna hugsun nemenda.

### **Starfsmenn**

*Stefnt er að því:*

- að efla endurmenntun kennara og starfsmanna skóla með sameiginlegri símenntunaráætlun.
- að starfsfólk skólanna leitist við að kynna sér nýjungar í skólastarfi, kennsluháttum og þróun mála innan menntastofnana sem þeir nýti í starfi sínu.
- að mannauður skólanna sé nýttur á markvissan hátt sem leiðir til ábyrgðar og vellíðan starfsmanna.
- að starfsfólk vinni af áhuga og samviskusemi með virðingu barnanna, foreldra og samstarfsfólks að leiðarljósi.



## Skeiða- og Gnúpverjahreppur

---

- að starfsfólk temji sér góða samvinnu og tileinki sér opið og jákvætt hugarfar gagnvart starfinu og samstarfsfólki.
- að skólar móti sameiginlega starfsmannastefnu.

### Heimili/foreldrar

*Stefnt er að því:*

- að efla gagnkvæmt upplýsingaflæði milli heimila og skóla.
- að foreldrar fái tækifæri til að fylgjast betur með varðandi skipulag og áherslur náms.
- að efla hlutverk nemenda og aðstandenda þeirra í mati á námi og þroska barns.
- að efla og auka hlutverk foreldra og foreldrafélags í skólastarfinu með samábyrgð að leiðarljósi.
- að sveigjanleiki í vistun og tómsundastarfi verði sem bestur.

### Samstarf skóla sveitarfélagsins

*Stefnt er að því:*

- að auka samstarf allra skóla sem koma að námi og kennslu barna.
- að skólar setji sér markmið sem skapi samfellu í námi barnanna.
- að nemendur kynnist vel þeim skóla sem tekur við / sem þau eru að fara í.
- að auka faglegt samstarf skólanna.
- að auka upplýsingagjöf til heimila um mikilvægi samstarfs.
- að skólar samræmi vinnureglur um ýmsa þætti skólastarfs og starfsmannahalds.



### **Framkvæmd og leiðir**

Skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mótar yfirmarkmið skólastarfsins með stefnu sinni. Skólar útfæra sínar eigin leiðir í námskrá skólans á grundvelli stefnu nefndarinnar. Þar verður framkvæmd skólanna á stefnu sveitarfélagsins í skólamálum með nánari útfærslu á einstökum þáttum og áherslum.

Samþykkt í skólanefnd 26. maí 2011.

Jákvæð umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 30. maí 2011.